

1. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 29. ágúst 2019 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra og Aðalbjörgu Skúladóttur bókara.

Forföll boðuðu: Dýrfinna Sigurjónsdóttir og Hjalti Þorvarðarson.



1. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

Farið yfir stöðu á samningum Umf. Selfoss við Sveitarfélagið Árborg. Varðandi samning um rekstur Selfossvallar verður vallarstjórn að greina starfið á vellinum til að sýna fram á aukinn rekstrarkostnað sem hefur skapast vegna aukins álags á vellinum undanfarin ár.

2. Vefsíða Umf. Selfoss og Sjónvarp Umf. Selfoss (Selfoss TV)

Rætt um vefsíðu félagsins og nýtingu á henni. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verðtilboðum sem borist hafa í gerð nýrrar vefsíðu.

Samþykkt að kaupa nýja myndavél fyrir Sjónvarp Selfoss.

3. Sjóðir á vegum íþróttahreyfingarinnar

Framkvæmdastjóra falið minna deildir á að sækja um í sjóði á vegum íþróttahreyfingarinnar en umsóknarfrestur rennur út um næstkomandi mánaðarmót.

- Íþróttasjóður ríkisins hjá Rannís
- Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
- Fræðslu- og verkefnasjóður HSK

4. Nefnd um val á íþróttafólki Umf. Selfoss

Nefndina skipa Bergur Guðmundsson formaður, Elínborg Gunnarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigríður Ósk Harðardóttir og Örn Guðnason.

5. Ungmennaráð Árborgar

Velja þarf nýjan fulltrúa í Ungmennaráð Árborgar fyrir lok árs.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá deildum.

6. Samstarf við Íþróttfélagið Suðra

Framkvæmdastjórn samþykkir að auka samstarf við íþróttfélagið Suðra m.a. hvað varðar innheimtu æfingagjalda og búningamál. Framkvæmdastjórn tekur jákvætt í hugmyndir Suðra um frekara samstarf og inngöngu í Umf. Selfoss.

7. Fyrirmyndarfélagið

Framkvæmdastjórn hvetur deildir til að ljúka vinnu við uppfærslu á fyrirmyndarhandbókar.

8. Lyftingadeild Umf. Selfoss

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar með stjórn lyftingadeildar í september í þeim tilgangi að leggja deildina niður og stofna lyftinganefnd innan félagsins.

9. Sideline

Framkvæmdastjórn samþykkir með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar að semja við Sideline að höfðu samráði við fjölmennustu deildir félagsins.

10. Æfingagjöld Umf. Selfoss

Vísað til næsta fundar framkvæmdastjórnar.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:46.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**